

Akureyri 5 janúar 2010

Íslandsbleikja ehf.
Jón Kjartan Jónsson
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Umhverfisstofnun
b/t Sigurður Ingason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis

Efni: Umsókn um endurnýjun starfsleyfis Íslandsbleikju ehf., Vatnsleysu

Íslandsbleikja ehf., Vatnsleysu kt: 610406-1060 sækir hér með formlega um endurnýjun starfsleyfis fyrirtækisins til Umhverfisstofnunar. Núgildandi starfsleyfi, gefið út af Umhverfisstofnun 19. apríl 2000 og gildir til 20. apríl 2010, heimilar eldi á allt að 1600 tonnum á ári af laxi og öðrum eldisfiski til manneldis.

Hér verða talin upp þau atriði og þær upplýsingar sem kveðið er á um í 10 gr. III. kafla, reglugerðar nr. 785/1999 vegna endurskoðunar á starfsleyfi.

Breyting á starfsleyfi Íslandsbleikju Vatnsleysu
Janúar 2010

Upplýsingar um umsækjanda

Íslandsbleikja,
Glerárgata 30
600 Akureyri

Kennitala: 610406-1060
Sími: 460-9000
Tengiliður: Jón Kjartan Jónsson
Tölvupóstur: jkj@samherji.is

1. Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfang hans og einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdættir af staðsetningu.

Íslandsbleikja Vatnsleysu rekur eldisstöð með starfsleyfi fyrir 1600 tonna framleiðslu af eldisfiski sem gefið var út af Umhverfisstofnun þann 19. apríl, 2000 og gildir til 20. apríl 2010.

Í dag vinna fimm manns við stöðina. Starfsemin fellst í eldi á bleikju frá 100g og þar til hún nær sláturstærð.

Það eru engar breytingar á starfseminni fyrirhugaðar tengdar endurnýjun á starfsleyfinu og þar af leiðandi er ekki um að ræða nein umhverfisáhrif af völdum framkvæmda. Allt frárennsli stöðvarinnar er leitt í sjó þar sem er mjög mikil uppblöndun og nánast engra áhrifa hefur orðið vart vegna stöðvarinnar á þeim rúmu tveimur áratugum sem hún hefur starfað.



Mynd 1. Íslandsbleikja Vatnsleysu yfirlitsmynd af svæðinu

2. Afrit af staðfestu deiliskipulagi.

Eins og fram kemur hér að framan eru ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum vegna þessarar endurnýjunar starfsleyfis. Ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af dreifbýli Voga og er þetta því ekki talið eiga við. Engar viðræður hafa verið milli fyrirtækisins og bæjarfélagsins vegna þessa en allt samstarf hefur gengið hnökralaust frá því Samherji kom að rekstrinum Árið 2006 en stöðin hafði starfað lengi með svipuðu sniði fyrir þann tíma.

3. Lýsing á staðháttum við vinnslustað.

Enginn vinnsla er á svæðinu en henni var hætt árið 2006 þegar Samherji kom að rekstri stöðvarinnar. Eldið er í stórum dráttum að 100g seiði eru tekinn inn í stöðina og alin til slátrunar en þangað eru þau flutt lifandi með tankbíl.

4. *Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd.*

Uppistaða alls hráefnis sem notað er er fiskeldisfóður frá Fóðurverksmiðjunni Laxá. Miðað er við að það þurfi 1,4 kg á hvert framleitt kg af bleikju. Sú orka sem notuð er er í formi rafmagns til dælingar á vatni og lýsingar auk almennra nota. Önnur efni sem eru notuð eru sóttreinsiefni og hreinsiefni til þrifa.

Hægt er að sjá yfirlit yfir efni og orkunot í skýrslu Græns bókhalds fyrir árið 2008 á vefsvæði Umhverfisstofnunnar, www.ust.is.

5. *Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.*

Gert er ráð fyrir að um 2% af fóðrinu fari til spillis. Að auki er gert ráð fyrir að u.þ.b. 11% af orku þess fóðurs sem fiskurinn étur tapist í umhverfið í formi þvags og u.þ.b. 18% í formi saurs. Út frá þeim upplýsingum er hægt að áætla afdrif þess fóðurs sem notað er við stöðina.

Allt fóður kemur frá fóðurverksmiðjunni Laxá. Næringarefnainnihald Laxárfóðurs má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Næringarefnainnihald Laxár fóðurs.

Prótein	34 – 55 %
Fita	37 – 57 %
Kolvetni	5 - 17%

Eftirfarandi hráefni eru notuð í fóður:

Hágæða loðnu-/síldarmjöl eða kolmunnamjöl (LT og NSM), loðnulýsi, maís, sojamjöl, hveiti, vítamín, steinefni, bataan og litarefni. Litarefnin eru Astaxanthin og Cantaxanthin.

Valdimar Ingi Gunnarsson gerði á árinu 2009 skýrslu um mat á umhverfisáhrifum frárennslis stöðvarinnar og taldi ekki vart við markverðar breytingar á umhverfinu við frárennslin. Skýrslu hans hefur þegar verið skilað til Umhverfisstofnunar ásamt ýtarlegum myndbandsupptökum af öllu frárennslinu og er hún hugsuð sem fylgigagn þessarar umsóknar.

Hægt er að sjá yfirlit yfir allar magntölur, efni og orkunot í skýrslu Græns bókhalds fyrir árið 2008 á vefsvæði Umhverfisstofnunnar, www.ust.is.

6. *Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun.*

Frárennslustöðvarinnar er beint í sjó þar sem eru miklir straumar og nokkuð brim. Það veldur því að uppblöndun sjávar og frárennslis er mikill og engra áhrifa á umhverfið hefur orðið vart á rúmum tuttugu ára starfsferli stöðvarinnar. Frá því Samherji hf keypti stöðina hefur vinnsla afurða verið hætt á svæðinu og einnig verið gert almennt átak umgengni á svæðinu.

7. Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.

Samkvæmt starfsleyfi gr 4.5. sér Umhverfisstofnun um framkvæmd mælinga á losun lífrænna efna frá eldisstöðinni. Íslandsbleikja skilar skýrslu vegna græns bókhalds á hverju ári þar sem fram koma mæliniðurstöður Umhverfisstofnunar á losun köfnunarefnis, fosfórs og svifögnum og öðrum stærðum sem um ræðir í rekstrinum. Til að koma í veg fyrir að fóður fari út í frárennslið er verið með vakt á stöðinni og kerfum hennar allan sólahringinn og líkur á að slíkt gerist í einhverju magni eru hverfandi. Fóður er einn stærsti kostnaðarliðinn í rekstrinum og eðlilega er því mikil áhersla lögð á að allt fóður fari í fisk.

8. Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

Framleiðslustýringarkerfið FarmControl hefur verið í notkun í stöðinni frá árinu 2006. Í þetta kerfi eru færðar inn allar upplýsingar um daglegan rekstur svo sem fóðrun, dauða, flokkun, innsetningu, slátrun, meðalvigtarprufur, lyfjanotkun, bóluefni og margt fleira. Hægt er að skrifa út skýrslur um flest allt það sem hér er á undan talið, hvort sem er fyrir alla stöðina, á kerja-basis eða jafnvel hópa. Þetta kerfi er lykilverkfæri í öllu innra eftirliti sem og rekstri stöðvarinnar. Eins og kerfið er uppsett í dag er hægt að skrá út úr því flest allt það sem farið er framá að sé skráð í dagbækur fiskeldisstöðva samkvæmt reglugerð Landbúnaðarráðuneytisins um færslu dagbóka í fiskeldisstöðvum. Einnig hefur stöðin verið vottuð af IMO, Svissneskum vottunaraðila sem vottar að við störfum eftir mjög ítarlegum og krefjandi eldisstöðlum Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Þessir staðlar eru taldir einir þeir kröfuhörðustu í heimi. Við erum að nálgast það að framleiða fisk með hlutfallið 1:1 fish in fish out ratio sem er markmið iðnaðarins í heiminum.

9. Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á.

Sjá svar við lið nr. 8

10. Lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna.

Í daglegum rekstri er um að ræða dauðan fisk, fóðurleifar, og saur. Gert er ráð einhverjum afföllum í hverri eldislotu. Sá fiskur sem deyr er fjarlægður úr kerjunum og fer í loðdýrafóður tvisvar í viku.

Nánari upplýsingar varðand efnanotkun stöðvarinnar er að finna í Grænu bókahldi Íslandsbleikju á www.ust.is

11. Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Skilgreint af Umhverfisstofnun

12. Annað

Samantekt á Almennu máli

Sótt er um endurnýjun starfsleyfis Íslandsbleikju á Vatnsleysu fyrir eldi á allt að 1600 tonnum af fiski til manneldis.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar vegna breytingarinnar og þar af leiðandi ekki um að ræða nein umhverfisáhrif af völdum framkvæmda.

Framleiðslustýringarkerfið FarmControl gegnir lykilhlutverki í skráningu gagna og innra eftirliti stöðvarinnar. Inn í það kerfi eru skráðir allir helstu þættir sem viðkoma rekstrinum sem auðvelt er að skoða á skýrsluformi út úr kerfinu. Að auki er stöðin vottuð af óháðum svissneskum eftirlitsaðila IMO fyrir Whole Foods Market, eina virtustu verlunarkerfju í heimi.

Að lokum vill rekstraraðili ítreka að enginn breyting er á rekstri stöðvarinnar tengd endurnýjun starfsleyfis þessa.

Virðingarfyllst
f.h. Íslandsbleikju Vatnsleysu



Jón Kjartan Jónsson
Framkvæmdastjóri